

Spænska veikin

Spænska veikin geisaði í lok fyrri heimstyrjaldar, þ.e. einkum veturinn 1918-1919. Spánverjar kölluðu veirusýkinguna „frönsku veikina,“ en hún var upprunnin í Kansas í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA). Sjúkdómurinn kom í fleiri bylgjum, misbanvænum.

Sjúkdómurinn lagði að velli á bilinu 40 til 50 milljónir manna eða 2% af

öllum jarðarbúum. Það samsvarar um 150 milljónum í dag. Tæplega fimm hundruð Íslendinga féllu í valinn, jafnvel fólk um miðjan aldur. Reykjavík var skipt í sóttvarnarsvæði.

Lokanir og einangrun heilbrigðs fólks virðist hafa verið miklu minni að umfangi í hinum vestræna heimi. Það er hyggilegt að minnast þess, að aðbúnaður var víða slæmur í kjölfar stríðsins, fátækt miklu meiri og lítið um lækningar, engin bóluefni.

Sóttvarnir voru þá eins og nú, handþvottur, fjarlægð og grímur. (Þetta lærði ég reyndar í heilsufræði í Vogaskóla, fyrir bráðum mannsaldri síðan. Þá var líka varað við að kyssast, talinn hinn mesti sóðaskapur eins og rétt er.)

Í BNA (og hinum iðnvædda heimi) var djúpt fall í þjóðarframleiðslu til að byrja með, sem þó staðnæmdist við 2%, eftir nokkra mánuði. Það er eftirtektarvert, að lögð var áhersla á að stórskemma ekki efnahag þjóða. Nú er höggvið miklu stærra skarð í efnahaginn. Og enn eiga skemmdir eftir að koma í ljós og vond áhrif á fólk flest. Litlar líkur eru á, að bitið sé úr nálinni. Sýkingar eru hvergi nærri úr sögunni, þrátt fyrir sóttvarnarspekina, sem enn virðist eiga að stjórna þjóðlífinu og heimsóknum til landsins.

Þórður Jónas Thoroddsen (1856-1939), læknir og alþingismaður, lýsir spænsku veikinni: „Að öllu því er sjálfa veikina snertir, var hún mjög einkennileg og að mörgu leyti allt öðruvísi en þær influensúsóttir, sem áður hafa gengið og ég hef séð. Ég var alvanur við að sjá í fyrri sóttum barkakvef og hálsbólgu, lungnakvef og lungabólgu.... eyrnabólgu, taugaveiki, uppköst og niðurgang, konur hafa misst [fóstur] og sumir orðið hálfbrjáláðir um tíma. En svo þungt lungnakvef, svo tíðar lungnabólgu sem í þessari sótt hef ég aldrei séð. Og þessar blæðingar. Blóðið streymdi ekki aðeins úr nösnum, stundum óstöðvandi, heldur og upp úr lungum, niður úr þörmum, upp úr maga og gegnum þvagrásina. ... Og þótt lungnabólgan rénaði, fór hjartað að ólmast, hræðsla greip menn og kvíði, þyngsli komu og andarteppa, menn bólgnuðu í andliti, á höndum og fótum og köfnuðu að lokum.“